

Alþingi

Erindi nr. P 117 11597

komudagur 26 14 1994



SAMBAND  
ÍSLENSKRA VIÐSKIPTABANKA

Reykjavík, 26. apríl 1994

Efnahags- og viðskiptanefnd Alþingis,  
b.t. Ágústu H. Lárusdóttur, deildarfulltrúa,  
Þórshamri v/Templarasund,  
Reykjavík.

Sambandi ísl. viðskiptabanka hefur borist til skoðunar frumvarp til laga um neytendalán, mál nr. 430, sem hefur að geyma breytingar á lögum um neytendalán, sem samþykkt voru á Alþingi 2. apríl 1993 (l. nr. 30 / 1993).

Þann 15. ágúst 1992 sendi SÍV yður athugasemdir við það frumvarp sem þá lá fyrir til afgreiðslu í nefndinni. Er hér með vísta til þeirrar almennu umsagnar sem þar kom fram, einkum er varðar íþyngjandi ákvæði fyrir banka og aðrar lánastofnanir sem leiða til fyrirhafnar og kostnaðar fyrir þær. Hið nýja frumvarp hefur lítið tekið á þeim þætti laganna og er það miður.

Við gildistöku laganna þann 1. október 1993 komu strax í ljós ýmis þau vandvæði sem SÍV hafði séð fyrir. Einstaka þættir laganna komu ekki til framkvæmdar, bæði vegna þess að lagatextinn var óskýr og í sumum tilvikum óskiljanlegur, og svo vegna þess að viðskiptalífið var ekki tilbúið til að laga sig að nýjum reglum. Heimild til setningar reglugerðar um flesta þætti laganna skorti. Ný hugtök voru illa afmörkuð og buðu upp á mistúlkun. Mikill kostnaður fyrir alla aðila virkaði einnig sem hemill á virkni laganna.

Það var því okkur fagnaðarefni þegar viðskiptaráðuneytið fól starfshópi í byrjun nóvember 1993 að fara yfir þau ákvæði laganna sem valdið höfðu vandkvæðum í framkvæmd frá því lögin tóku gildi. Frumvarpið er afrakstur þeirrar vinnu. Frá þessum starfshópi hafa margar góðar tillögur komið sem allar miða að því að viðskiptalífið taki þeim breytingum sem upphaflegu lögin ætluðu. Í þessum starfshópi átti sæti fulltrúi frá bönkum og sparisjóðum og hefur hann komið á framfæri ýmsum nauðsynlegum breytingum sem varða bankarekstur.

Með framangreint í huga teljum við ekki ástæðu til að gera athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins og lýsum yfir stuðningi við fyrirhugaðar breytingar á l. nr. 30/1993.

Virðingarfyllt

Samband íslenskra viðskiptabanka